

## Stjórnarfundur Fáks 14. nóvember 2017

Mættir: Hjörtur Bergstað, Leifur Arason, Kristrún Ágústsdóttir, Heiðrún Sigurðardóttir, Þórir Örn Grétarsson, Sigurlaug Anna Auðunsdóttir, Svaðar Magnússon og Maríanna Gunnarsdóttir

Málefni tekin fyrir:

### 1. Veitingasalir

Tilboð frá fjórum aðilum bárust í rekstur á veitingasöldum Fáks. Stjórn samþykkir samhljóða að taka tilboði veitingamannsins Friðriks V. Karlssonar, en það er hagstæðasta tilboðið. Með því gefst Fáki einnig tækifæri að bjóða félagsmönnum sínum veitingasalinn í Reiðhöllinni til leigu á hagstæðum kjörum án veitinga.

### 2. Uppskera

Uppskeruhátíð Fáks verður haldin föstudaginn 8. desember nk í veitingasal Reiðhallarinnar. Uppskeruhátíð æskunnar verður að venju haldin daginn áður, 7. desember. Veitingasalur Reiðhallarinnar varð fyrir valinu að þessu sinni, til að sýna félagsmönnum þær breytingar og betrumbætur sem gerðar hafa verið á Reiðhöllinni í haust. Að þessu sinni verður boðið upp á glæsilega pinnamatsveislu í tilefni af 95 ára afmæli Fáks.

### 3. Knapaverðlaun

Stjórnin hefur rætt og ákveðið að fara að fordæmi Sprettara að þessu sinni við val á knöpum ársins, þ.e.a.s. að fá knapa til að senda inn árangur sinni á árinu. Stjórnin mun síðan velja sigurvegara í hverjum flokki eftir fyrirfram auglýstu stigakerfi.

### 4. Fáksblaðið

Fáksblaðið verður gefið út í desember og hefur Hilda Karen Fáksmaður samþykkt að setja það upp. Unnið er að söfnun auglýsinga og stjórnin vinnur í sameiningu að því að fá greinar í blaðið.

### 5. Reiðvegir

Komið er framkvæmdaleyfi fyrir betrumbótum á reiðveginum upp frá Rauðvatninu að Hólmsheiðinni, og von er á framkvæmdaleyfi fyrir tilfærslu reiðvegarins frá Fákssvæðinu inn í Heiðmörk, framhjá Norðlingaholtinu.

### 6. Styrkur á leiðtoganámskeið FEIF

Hrafnhildur Helga Guðmundsdóttir Fáksfélagi sóttist eftir styrk frá Fáki til að fara á leiðtoganámskeið FEIF í Þýskalandi í janúar á næsta ári. Stjórn samþykkir samhljóða að veita henni styrk að upphæð 50.000 kr.

Fleira ekki bókað og fundi slitið.

 